

Kvikmynda-menningar og Kaupmannahafnaráfangi

Undanfari: Stúdentspróf í dönsku.

Valáfangi gefur 5 (f) einingar.

Áfanginn er dreifnámsáfangi og skilgreining á hugtakinu er: Dreifnám er fjarnám í fag- og iðngreinum. Námið fer að mestu fram eins og hefðbundið fjarnám, í gegnum tölvupóst og á netinu. Einnig þurfa nemendur að mæta í tíma nokkrum sinnum á önn.

Áfanginn er símatsáfangi sem metinn er út frá: 25% raunmætingu, 25% Kaupmannahafnarferð og 50% verkefnaskil. Verkefnum ber að skila á tilskyldum dagsetningum og mætingaskylda er í alla töflutíma nema annars sé sérstaklega getið.

Að loknum valáfanga hefur nemandi með stúdentspróf í dönsku frá málabraut MR hlotið samtals 15 (f) einingar og af náttúrufræðibraut MR samtals 10 (f) einingar. Námskeiðið er ætlað þeim nemendum sem hafa áhuga á að bæta þekkingu, leikni og hæfni á dönsku talmáli, danskri menningu og gildum ásamt orðaforða, ritun og skilningi. Námskeiðið er sérstaklega ætlað þeim sem hafa áhuga á frekari námi í Danmörku (og öðrum norðurlöndum) að loknu stúdentsprófi en að auki þeim, sem vilja bæta dönskukunnáttu sína almennt. Áfanga lýkur með menningarferð til Kaupmannahafnar á vorönn (ekki skylda). Þeir nemendur sem ekki velja menningarferðina skila ritgerð um efni sem kennarar gefa síðar upp.

- **Námsefni:** Valdar danskar kvikmyndir, danskir sjónvarpsþættir, danskar fréttir og fréttatengdir þættir, lestur smásagna, Íslendingaslóðir í Kaupmannahöfn m.m. Nemendur eiga nýta sér allar orðabækur við vinnslu verkefna og í tíma og æskilegt að nemendur noti ekki google translate heldur noti áunna þekkingu og kunnáttu í dönsku
- **Markmið áfangans:** Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla fyrir hæfniprep 3 (B3 í viðmiðum Evrópsku tungumálamöppunnar) Nemandi skal ma. hafa aflað sér þekkingar og skilnings á grundvallaruppbyggingu danska þjóðfélagsins -viðhorfum og gildum í Danmörku og hvernig þau móta samfélagið-orðaforða, orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða.
- **Kennsluhættir-vinnulag:** Nemendur vinna einstaklingsbundið.

Kennsluáætlun haust 2023

Kennslufyrirkomulag:

Dönskuval 2023-2024 er símatsáfangi sem kendur er í dreif- / fjarnámi. Nemendur mæta í skólann 5 sinnum á dagsetningunum: **22.08 - 12.09 - 26.09 - 24.10 - 28.11** og setjið þessar dagsetningar strax inn í minnið á símanum. Það er alger mætingaskylda í þessa tíma nema um réttlætanleg forföll sé að ræða.

Nemendur vinna út frá kennsluáætlun og heimanám, öll verkefni og verkefnaskil eru á Innu. Það er reiknað með því að þið notið minnst 80 mínútur á viku í verkefni og verkefnaskil og er námsefnið því útbúið með hliðsjón af því. Það munu þó vera verkefni sem krefjast auka tíma. Kennari er til staðar á INNU eða Teams á töflutíma. Annars hafið þið samband við kennara í skilaboðum á INNU.

Verkefni annarinnar:

Nemendur skulu skila öllum verkefnum og er lægsta einkunn í einu 10% eða tveim 5% dregin frá jólaprófseinkunn. Þannig er gert ráð fyrir forföllum og því engin sjúkrapróf eða lenging á skilafresti.

1. Smásagan Lotte ásamt verkefni á INNU 10%
2. Horfa á kvikmynd og gera kvikmyndagagnrýni 10%
3. Munnleg kynning (3-5 mín) frá göngutúr um slóðir Dana í Reykjavík 10%
4. Tvær stuttar skriflegar kynningar á dönsku úr þáttunum "Á íslendingaslóðum Kaupmannahafnar" 10%
5. Munnleg endursögn á fréttatengdu efni á dönsku og íslensku 10%
6. Lesskilningsverkefni á INNU úr smásögu 5%
7. Lesskilningsverkefni á INNU úr sjónvarpsþætti á DR.dk 5%

Áríðandi fyrir þá sem ekki ætla til Kaupmannahafnar!!!!

Þeir sem ætla sér ekki til Kaupmannahafnar skulu láta vita í upphafi annar. Þeir þurfa þess í stað að skila heimildaritgerð þann 1. mars 2024 (1500-2000 orð) sem er vel unnin, á sjálfstæðan og upplýsandi hátt. Ritgerðin gildir 25% af heildar símatseinkunn áfangans. Til ritgerðarinnar eru áætlaður tími sem samsvarar 15-20 kennslustundum. Kennari gefur upp efni. Nemendur eru skyldugir að mæta í alla tíma og leysa öll verkefni þó svo að þau tengist borginni.

Kennsluáætlun

22.08.2023	*Kynning á námsefni annarinnar ásamt skipulagi, námskröfum og skilaverkefnum vegna símats /fjarnáms/dreifnáms. Mæta í töflutíma.
29.08.2023	Lesi smásöguna Lotte þessa viku sem er að finna á INNU.
05.09.2023	Leysi verkefni úr smásögunni Lotte á Innu (10%). Verkefnið er opið í 30 mínútur á tímabilinu 15:45-16:15
12.09.2023	*Kynning á aðferðarfræði varðandi kvikmyndagagnrýni á TEAMS. Nemendur horfa á kvikmynd heima að eigin vali sem er ekki eldri en 3ja ára. Það eru ýmsar myndir aðgengilegar bæði á RUV.is, Viaplay, Netflix, Plex og fleiri streymisveitum. Kynnið ykkur hvað kvikmyndagagnrýnin á að innihalda áður en þið horfið á myndina. Tilkynna hvaða mynd þið veljið fyrir tímann og skoðum sýnishorn úr völdum myndum. Mæta í töflutíma.
19.09.2023	Skil á skriflegri kvikmyndagagnrýni á Innu úr valinni kvikmynd undir verkefni "kvikmyndagagnrýni" (10%).
26.09.2023	*Gönguferð um slóðir Dana í Reykjavík. Konrektor Einar Hreinsson gengur með okkur um miðborgina og kynnir okkur fyrir sögunni. Mætingaskylda í töflutíma.
03.10.2023	Undirbúa munnlega framsögn á dönsku um gönguferðina (ca 3-5 mínútur) með upplýsingum sem komu fram í ferðinni ásamt auka fróðleik um það sem fram fór. Ég gef ykkur upp mismunandi efni sem þið eigið að fjalla um munnlega. Skila hljóðfil á INNU (10%).
10.10.2023	Kynnumst Danmörku. Nemendur horfa á fyrstu 2 þættina á ruv.is um "Íslendingaslóðir Dana í Kaupmannahöfn". Stutt lesskilningsverkefni á dönsku úr þáttunum á INNU (5%).
17.10.2023	Nemendur horfa á næstu 2 þætti á ruv.is um "Íslendingaslóðir Dana í Kaupmannahöfn". Stutt lesskilningsverkefni á dönsku úr þáttunum á INNU (5%).
24.10.2023	*Kynning á Kaupmannahafnarferðinni. Dagsetning, kostnaður, dagskrá m.m. Skiptum nemendum í hópa til að skifta með okkur verkum varðandi ferðina. Athuga með fjáröflun. Skipuleggja til dæmis: danskt smörrebröd til sölu fyrir kennara og nemendur í 1 dag í skólanum? Einnig er kynning á verkefninu, fréttatengt efni. Mætingaskylda í töflutíma.
31.10.2023	Fréttatengt efni. Nemendur hlusta/horfa á 2 fréttateng efni á dr.dk. Munnleg endursögn á dönsku og íslensku. Senda hljóðfil á INNU (10%).
07.11.2023	Lesi smásögu Hanne Birgitta Pia Juul
14.11.2023	Lesskilningsverkefni á Innu úr smásögu sem opnar kl 15:45 -16:15 í töflutíma (5%)
21.11.2023	Horfa á þátt á DR.dk og leysi lesskilningsverkefni á Innu (5%)
28.11.2023	*Lokatími annarinnar. Gerum haustönnina upp og skipuleggjum saman vorönn. Skoðum skipulag Kaupmannahafnarferðar og kröfur og skipulag ritgerðar fyrir þá sem ekki ætla í ferðina.

Kennari er alltaf til staðar fyrir nemendur á tímum sem eru í töflu / fjarnámstími. Svarar tölvupóstum á þeim tíma og fyrirspurnir á að senda á pósthólfi í INNU.

Kennari:

Laufey Jóhannsdóttir

laufeyj hjá mr.is